# Starfsgreinasamband Íslands

Ársreikningur

# 2016

Starfsgreinasamband Íslands
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík
kt. 601000-3340

# Starfsgreinasamband Íslands

Ársreikningur

# 2016

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Áritun kjörinna skoðunarmanna | 3 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-11 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar Starfsgreinasambands Íslands.**

**Álit**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Starfsgreinasambandi Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Starfsgreinasambands Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 24. mars 2017

**Deloitte ehf.**

Lárus Finnbogason
endurskoðandi

# Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir þingkjörnir skoðunarmenn Starfsgreinasambands Íslands, höfum farið yfir meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2016 og sjáum ekki ástæðu til athugasemda.

Reykjavík / 2017

# Áritun stjórnar

Ársreikningur Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsgreinasamband Íslands er samband 19 verkalýðsfélaga og aðili að Alþýðusambandi Íslands. Sambandið er stærsta aðildarfélag ASÍ og starfar í samræmi við lög þess.

Á árinu 2016 námu tekjur Starfsgreinasambands Íslands umfram gjöld kr. 4.149.306 og nam bókfært eigið fé í árslok kr. 41.156.582.

Stjórn Starfsgreinasambands Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. mars 2017

**Í stjórn**

**Framkvæmdastjóri**

# Rekstrarreikningur ársins 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Heildarskatttekjur | | 184.668.727 | 165.468.898 |
| Hlutdeild ASÍ | | (128.353.387) | (113.420.143) |
| Skatttekjur samtals | 3 | 56.315.340 | 52.048.755 |
| Aðrar tekjur | 4 | 1.536.000 | 2.794.500 |
| | | 57.851.340 | 54.843.255 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 5 | (24.133.375) | (20.444.826) |
| Almennur kostnaður | 6 | (30.487.432) | (26.352.410) |
| Afskriftir fastafjármuna | 8 | (84.261) | (202.226) |
| | | (54.705.068) | (46.999.462) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 3.146.272 | 7.843.793 |
| Fjármunatekjur | 7 | 1.092.869 | 730.554 |
| Fjármagnsgjöld | 7 | (89.835) | (125.769) |
| | | 1.003.034 | 604.785 |
| **Tekjur umfram umfram (gjöld) á rekstrarárinu** | | 4.149.306 | 8.448.578 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

| Eignir | Skýr. | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 8 | 74.898 | 159.159 |
| Fjárfestingaverðbréf | 9 | 12.125.986 | 12.125.986 |
| | | 12.200.884 | 12.285.145 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | 10 | 5.665.334 | 3.378.792 |
| Handbært fé | 10 | 29.201.862 | 25.471.924 |
| | | 34.867.196 | 28.850.716 |
| **Eignir** | | 47.068.080 | 41.135.861 |

## Eigið fé og skuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eigið fé | 11 | 41.156.582 | 37.007.276 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 12 | 5.911.498 | 4.128.585 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 47.068.080 | 41.135.861 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Innborganir: | | | |
| Innborganir frá sambandsfélögum | | 57.566.576 | 51.196.966 |
| Innborgaðar aðrar tekjur | | 1.536.000 | 2.794.500 |
| Innborgaðar fyrirframinnheimtar tekjur | | 1.472.733 | 0 |
| Innborgaðir vextir | | 1.092.869 | 730.554 |
| | | 61.668.178 | 54.722.020 |
| Útborganir: | | | |
| Greiddur ýmis kostnaður | | (57.848.405) | (50.000.802) |
| Greiddir vextir | | (89.835) | (125.769) |
| | | (57.938.240) | (50.126.571) |
| Rekstrarhreyfingar | | 3.729.938 | 4.595.449 |
| Hækkun handbærs fjár | | 3.729.938 | 4.595.449 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 25.471.924 | 20.876.475 |
| Handbært fé í lok árs | | 29.201.862 | 25.471.924 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Starfsemi Starfsgreinasambandsins felst í því meginhlutverki þess að sameina verkalýðsfélög í baráttunni fyrir bættum kjörum og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalýðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning skatttekna

Skattur til Starfsgreinasambands Íslands er reiknaður sem hlutfall af félagsgjöldum sambandsfélaganna. Innheimta skatts Starfsgreinasambandsins af félagsgjöldum sambandsfélaganna er byggð á ársreikningum þeirra, en á áætlun þegar ársreikningar félaganna fyrir árið 2015 liggja ekki fyrir og er skattstofninn þá áætlaður með hliðsjón af síðasta framlögðum ársreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## 3. Skatttekjur

Skatttekjur Starfsgreinasambands Íslands greinast á eftirfarandi hátt:

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Skattsstofn Starfsgreinasambands Íslands | 1.251.451.939 | 1.107.420.274 |
| Skatthlutfall SGS af félagsgjöldum | 4,50% | 4,70% |
| | 56.315.340 | 52.048.755 |

## 4. Aðrar tekjur

| | | |
|---|---|---|
| Tekjur vegna hagræðingardeildar | 1.506.000 | 2.794.500 |
| Aðrar tekjur | 30.000 | 0 |
| | 1.536.000 | 2.794.500 |

## 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Laun | 19.495.965 | 16.895.254 |
| Tryggingargjald | 1.720.019 | 1.528.838 |
| Lífeyrissjóður | 1.966.165 | 1.659.983 |
| Sjúkra- og orlofsheimilasjóður | 321.675 | 283.847 |
| Reiknað áfallið orlof, breyting | 629.551 | 76.904 |
| | 24.133.375 | 20.444.826 |
| Stöðugildi að meðaltali | 2,2 | 2,2 |

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2016 námu 13,2 milljónum króna

## 6. Almennur kostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Húsaleiga | 6.633.836 | 6.293.683 |
| Húsaleiga | 0 | (585.734) |
| Samstarfssamningur SGS og ASÍ | 6.726.324 | 6.614.049 |
| Erlend aðildarfélög | 3.387.928 | 3.132.798 |
| Ferðakostnaður erlendis | 1.396.558 | 874.725 |
| Dagpeningar erlendis | 663.321 | 426.418 |
| Kostnaður vegna funda og þinga | 5.463.624 | 5.242.910 |
| Dagpeningar innanlands | 156.050 | 38.050 |
| Ökutækjastyrkir | 1.109.471 | 1.054.288 |
| Þátttaka annarra í kostnaði vegna ökutækjastyrkja | (66.000) | (313.200) |
| Sími og burðargjöld | 442.415 | 537.277 |
| Pappír, prentun og ritföng | 885.921 | 5.204.266 |
| Skrifstofuáhöld og innréttingar | 0 | 1.083.303 |
| Tölvuþjónusta og rekstur tölvu | 55.920 | 279.871 |
| Kostnaður við gerð heimasíðu | 469.598 | 123.905 |
| Tímarit, bækur og áskrift | 117.958 | 0 |
| Gjafir og styrkir | 189.906 | 16.248 |
| Auglýsingar | 388.639 | 5.998.266 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 487.222 | 522.667 |
| Önnur sérfræðiþjónusta og aðkeypt þjónusta | 4.711.895 | 7.121.736 |
| Iðgjöld og tryggingar starfsmanna | 78.720 | 69.937 |
| Námskeið og ráðstefnur | 78.000 | 5.487.441 |
| Fæðis- og kaffikostnaður | 550.827 | 521.015 |
| Annar kostnaður | 21.951 | 0 |
| Endurgreiddur kostnaður | (3.462.652) | (23.391.509) |
| | 30.487.432 | 26.352.410 |

## 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig: | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 1.366.084 | 913.191 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | (273.215) | (182.637) |
| | 1.092.869 | 730.554 |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir | (23.370) | (37.584) |
| Þjónustugjöld | (66.465) | (88.185) |
| | (89.835) | (125.769) |
| | 1.003.034 | 604.785 |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Áhöld, tæki og innréttingar |
|---|---|
| **Kostnaðarverð** | |
| Staða í ársbyrjun | 748.985 |
| Eignfært á árinu | 0 |
| Staða í árslok | 748.985 |
| **Afskriftir** | |
| Staða í ársbyrjun | 589.826 |
| Afskrift ársins | 84.261 |
| Staða í árslok | 674.087 |
| **Bókfært verð** | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 159.159 |
| Bókfært verð í árslok | 74.898 |
| Afskriftarhlutföll | 30% |

## 9. Fjárfestingaverðbréf

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| Eignarhlutur í Eignarhaldsfélaginu Sætúni 1 ehf. | 12.125.986 | 12.125.986 |
| | 12.125.986 | 12.125.986 |

Eignarhlutur Starfsgreinasambandsins í Eignarhaldsfélaginu Sætúni 1 ehf. nam 11,2 % í árslok og er færður á kostnaðarverði.

# Skýringar

## 10. Aðrar peningalegar eignir

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 3.584.391 | 1.141.388 |
| Inneignir hjá sambandsfélögum | 0 | 1.251.236 |
| Samstarfssjóður SGS | 2.080.943 | 986.168 |
| | 5.665.334 | 3.378.792 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 29.201.862 | 25.471.924 |
| | 29.201.862 | 25.471.924 |

## 11. Eigið fé

| | Eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2016 | 37.007.276 |
| Tekjur umfram gjöld ársins | 4.149.306 |
| Eigið fé 31.12.2016 | 41.156.582 |

## 12. Aðrar peningalegar skuldir

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Skuld við ASÍ | 511.898 | 122.011 |
| Virðisaukaskattur | 205.920 | 0 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 3.065.251 | 2.313.665 |
| Fyrirfram innheimtir styrkir | 1.472.733 | 0 |
| Ógreiddur kostnaður | 655.696 | 1.692.909 |
| | 5.911.498 | 4.128.585 |

## 13. Húsaleigusamningur

Starfsgreinasambandið leigir húsnæði fyrir starfsemi sína samkvæmt leigusamningi við Eignarhaldsfélagið Sætún 1 ehf. Leigutími er til ársloka 2022. Gjaldfærðar leigugreiðslur í ársreikningi 2016 námu samtals 6,6 millj.kr. (2015: 6,3 millj.kr.).

## 14. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á framkvæmdastjórnarfundi þann 24. mars 2017.

# Sundurliðanir

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | |
| Skatttekjur | 184.668.727 | 165.468.898 |
| Hlutdeild ASÍ í skatttekjum | (128.353.387) | (113.420.143) |
| | 56.315.340 | 52.048.755 |

## Aðrar tekjur

| | | |
|---|---|---|
| Tekjur vegna hagræðingardeildar | 1.506.000 | 2.794.500 |
| Aðrar tekjur | 30.000 | 0 |
| | 1.536.000 | 2.794.500 |

## Laun og annar starfsmannakostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Vinnulaun | 19.495.965 | 16.895.254 |
| Tryggingagjald | 1.720.019 | 1.528.838 |
| Lífeyrissjóður | 1.966.165 | 1.659.983 |
| Sjúkra- og orlofsheimilasjóður | 321.675 | 283.847 |
| Áunnið orlof, breyting | 629.551 | 76.904 |
| | 24.133.375 | 20.444.826 |

## Almennur kostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Húsaleiga | 6.633.836 | 5.707.949 |
| Samstarfssamningur SGS og ASÍ | 6.726.324 | 6.614.049 |
| Erlend aðildarfélög | 3.387.928 | 3.132.798 |
| Ferðakostnaður erlendis | 1.396.558 | 874.725 |
| Kostnaður vegna funda og þinga | 5.463.624 | 5.242.910 |
| Sími og burðargjöld | 442.415 | 537.277 |
| Pappír, prentun og ritföng | 885.921 | 5.204.266 |
| Skrifstofuáhöld og innréttingar | 0 | 1.083.303 |
| Tölvuþjónusta og rekstur tölvu | 55.920 | 279.871 |
| Kostnaður við gerð heimasíðu | 469.598 | 123.905 |
| Tímarit, bækur og áskrift | 117.958 | 0 |
| Akstur og bifreiðastyrkur | 1.109.471 | 1.054.288 |
| Gjafir og styrkir | 189.906 | 16.248 |
| Auglýsingar | 388.639 | 5.998.266 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 487.222 | 522.667 |
| Önnur sérfræðiþjónusta og aðkeypt þjónusta | 4.711.895 | 7.121.736 |
| Iðgjöld og tryggingar starfsmanna | 78.720 | 69.937 |
| Námskeið og ráðstefnur | 78.000 | 5.487.441 |
| Fæðis- og kaffikostnaður | 550.827 | 521.015 |
| Annar kostnaður | 21.951 | 0 |
| Dagpeningar erlendis | 663.321 | 426.418 |
| Dagpeningar innanlands | 156.050 | 38.050 |
| Endurgreiddur kostnaður | (3.462.652) | (23.391.509) |
| Þáttaka annarra í ökutækjastyrkjum | (66.000) | (313.200) |
| | 30.487.432 | 26.352.410 |